

Dagskrá 1sta stjórnarfundar Leiknar 9. sept. 2016, kl. 12 – 15

Staður: Fræðslusetrið Starfsmennt, Skipholt 50b

Mætt: Hulda Anna Arnljótsdóttir, Helga Gísladóttir, Púriður Sigurðardóttir, Guðrún Lárusdóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir og Guðrún Vala Elísdóttir. Ólafur Ástgeirsson boðaði forföll.

1. Stjórn skiptir með sér verkum. Guðrún Lárusdóttir endurkjörinn gjaldkeri, Púriður Sigurðardóttir er kosinn varaformaður og vefstjóri, Guðrún Vala Elísdótti ritari og Hulda Anna Arnljótsdóttir er sem fyrr formaður.
2. Störf framundan, tveir fundir fyrir áramót, og tveir til þrjár eftir áramót, auk aðalfundar. Næsti fundur áætlaður í lok október eða byrjun nóvember.
3. Formaður fer yfir hlutverk Leiknar og samþykktir og áréttar að Leikn sé upplýsinga- og samstarfsvettvangur fullorðinsfræðslu. Tilgangurinn er að gæta breiðra hagsmuna fullorðinsfræðsluaðila. Formaður og gjaldkeri ætla að heyra í aðilum sem eiga rétt til þess að vera í Leikn og bjóða þeim aðild.
4. Gjaldkeri gerir grein fyrir félagsgjöldum ársins, allir hafa greitt alls 19 aðilar og staðan á reikningnum er 1.479.755. Fjárhagsáætlun ársins rifjuð upp.
5. Stutt umræða um verkefni síðasta starfsárs-s.s. frá aðalfundi, ársskýrslan lögð fram til upprifjunar.

Fréttir af erlendu samstarfi, formaður og gjaldkeri sóttu fund í Finnlandi í vor og sögðu frá helstu áherslum og áskorunum í fullorðinsfræðslu. Rætt var þar um landaskýrslur þar sem afmörkuð þemu voru tekin fyrir, fjallað um fjármögnunarmátt og niðurskurð. Þarf að styrkja grunninn með rannsóknum. Ísland telst kannski árangursmiðaðra. Nú er byr í seglunum vegna fjölgunar flóttamanna og á ýmislegt á döfinni s.s. að meta hæfni o.fl. Umbætur og breytingar í aðsigi í norrænni fullorðinsfræðslu. Formaður gerir grein fyrir því helsta í evrópsku samstarfi sem er Epale, New skill agenda in Europe, Nordic Baltic (vettvangur fullorðinsfræðsluaðila og alþýðufræðsla), EAEA, EPALE, NLV, Cedefop og Unesco.

6. Fréttir af Goal verkefninu og hvernig fullorðinsfræðslan er að nýtast innflytjendum/flóttamönnum. Guðrún Vala segir frá sinni aðkomu að GOAL og fer yfir stöðuna með vísan til síðustu fundargerðar verkefnisins. Norræna flóttamannaverkefnið er komið í gang, GV hefur setið tvo símafundi með stýrihópi og verið er að safna bestu dæmum um fræðsluverkefni fyrir flóttafólk á Norðurlöndunum.
7. Fjarfræðsluerindin – hugmyndir að fyrirlesurum, margar spennandi og verður byrjað 4. október og GV athugar hvort Anna Lára Steindal sé tilbúin að fjalla um fjölmenningu og

fordóma. Fundarmenn taka að sér að skoða aðrar hugmyndir að fyrirlestrum sem ræddar verða síðar.

8. Vefurinn. Þuríður Sigurðadóttir vefstjóri.
9. Önnur mál. Fleira ekki gert. Fundi slitið um kl.15.

Fundarritari Guðrún Vala Elísdóttir